

Athugasemd frá Helgu Björt og Ingabirni

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : helgabjort@gmail.com
Heiti : Athugasemd frá Helgu Björt og Ingabirni
Málsnúmer : 1211376
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 25.04.2018 23:45:58
Höfundur : helgabjort@gmail.com

Við íbúar **Fjóluási 18 Hafnarfirði** lýsum yfir áhyggjum okkar og mótmælum hér með nýju deiliskipulagi vegna Ásvallabrautar.

Áhyggjurnar eru fyrst og fremst tengdar Kaldárselsvegi og einkum og sér í lagi þeim kafla sem liggur milli Setberg og Áslands, en einnig teljum við vanta að góða heildarskipulagsmynd fyrir svæðið í heild áður en hægt er að samþykkja deiliskipulagið í núverandi mynd.

Athugasemdir tengdar Kaldárselsvegi:

Í fyrsta lagi er þessi vegur í dag stórhættulegur, á hringtorgi við kirkjugarð er til að mynda engin vel merkt gangbraut né gönguljós. Hlaupafólk, hjólafólk og gangandi vegfarendur eru þar af leiðandi í stór hættu við að komast ferða sinna milli hverfa. Þetta ástand er engan veginn líðandi þar sem það gefur að líta að bæði börn og fullorðnir þurfa að komast öryggir leiða sinna milli hverfa hér í bæ. Börnin okkar til að mynda búa í Áslandi en ganga í Setbergsskóla og eiga þar af leiðandi marga vini í því hverfi. Það er algjörlega fráleitt að ekki sé í það minnsta merkt gangbraut eða gönguljós á þessum stað og ennþá fráleitara er að svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir að bæta úr þessu til að mynda með gerð undirganga eða göngubrúar á þessu deiliskipulagi.

Við fjölskyldan erum þó alls ekki ein um það að eiga erindi niður í Setberg, því ótalmörg börn og unglingar í hverfinu æfa íþróttir með til að mynda FH og Björkunum? og ekki sé ónefnt að næsti þjónustukjarni við okkur er staðsettur í Staðarbergi.

Það má að auki benda á að umferð um þennan hættulega þrönga, bratta og illaupplýsta veg hefur STÓR aukist sl. ár þar sem mikil aðsókn virðist vera í útivistarparadísir kringum Helgafell, Hvaleyrarvatn og Kaldársel o.fl.

Þó höfum við íbúar sérstaklega tekið eftir aukningu í akstri stórra vinnuvéla og flutningabíla um þennan veg með tilkomu nýs hverfis í Garðabæ.

Einnig viljum við benda á að þessi vegur í núverandi mynd er hættulegur að því leyti að þegar ökumenn koma út úr hringtorginu virðist sem hann hækki og þar af leiðandi myndast þarna blindhæð sem veldur því að ökumenn sem koma upp Mosahlíðina sjá ekki alltaf bíla sem koma oft á mikilli ferð þessa leið.

Því má spyrja hvort ekki væri best að þessi vegur yrði lækkaður töluvert??

Í ljósi þessa athugasemda þá vonum við innilega að þetta verði skoðað ítarlega og að framkvæmdir við Kaldárselsveg verði hafnar sem allra allra fyrst!

Athugasemdir tengdar Ásvallabraut:

Okkar vangaveltur í sambandi við þennan veg felast aðallega í því að nú þegar er Ásland 3 staðsett ansi nærri fjölförnu stofnæð landsins og því má spyrja sig hvort ekki sé æskilegt að koma Ásvallabrautinni sem fjærri hverfinu og unnt er.

Við getum fullyrt að allir íbúar hverfisins njóta þess að búa hér á jaðri bæjar og óspilltrar náttúru og sækja mikið ýmist gangandi, hjólandi? tja og jú á hestum í þessar perlor sem við Hafnfirðingar erum svo lánsöm að eiga. Þess vegna er ótrúlega mikilvægt að öll tenging um þennan veg í formi undirganga eða göngubrúar sé þaulúthugsuð og skipulögð með þessi sjónarmið í huga.

Virðingarfyllst og með vinsemd

Helga Björt Ingaóttir og Ingibjörn Pétursson
Fjólúási 18